

**Umhverfisstofnun**

*Environment and Food Agency of Iceland*

Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

© (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

[umhverfisstofnun@ust.is](mailto:umhverfisstofnun@ust.is)

[www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is)

Alþingi - Allsherjarnefnd,  
Selma Hafliðadóttir, nefndarritari  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. nóvember 2007

Tilvísun: UST20071000148/klá

## **Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands.**

Við er í bréf frá allsherjarnefnd Alþingis dagsett 22. október 2007 þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands, 130. mál, breyting ýmissa laga. Umhverfisstofnun mun einungis gera athugasemdir við ákvæði frumvarpsins sem snerta starfssvið þess.

Í 28. og 29. gr. frumvarpsins er tillaga um breytingu á gildandi 11. og 14. gr. laga um dýravernd sem hefur það að markmiðið að færa yfir á forræði nýrrar Matavælaeftirlitsstofnunar að setja reglur um og að hafa eftirlit með flutningi á búfé og aflífun búfés en umhverfisráðherra verði áfram með ábyrgð á dýravernd hvað snertir önnur dýr en búfé, þ.e. gæludýr. Stofnunin er mjög hlynt þessari breytingu og telur það málaflöknum til framdráttar að hann sé vistaður hjá þeirri stofnun sem í dag hefur umsjón með öðrum þáttum er snerta búfé.

Í XXIII. og XXIV. kafla frumvarpsins er fjallað um breytingar sem gerðar eru vegna flutnings matvælamála til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis. Stofnunin telur það faglega mjög jákvætt að eftirlit með öryggi matvæla sé sett undir eitt ráðuneyti. Flutningur svo stórra verkefna milli ráðuneyta er vandmeðfarinn þá sérstaklega vegna mikilla tengsla milli laga um matvæli nr. 93/1995 og laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og vill stofnunin því koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Í 2. mgr. 29. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir segir að Umhverfisstofnun beri að samhæfa aðgerðir þegar upp koma matarsýkingar. Telur stofnunin rétt að orðið

matarsýkingar sé fellt úr 2. mgr. 29. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og að samskonar ákvæði verði sett inn í lög um matvæli þar sem Matvælaeftirliti verði gert skylt að sinna samhæfingu aðgerða hvað varðar matarsýkingar.

Í 2. mgr. 15. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir er ráðherra heimilt að setja reglugerð um réttindi og skyldur heilbrigðisfulltrúa. Heilbrigðisfulltrúar fara m.a. með eftirlit skv. lögum um matvæli og er því lagt til að sambærilegt ákvæði verði sett inn í 23. gr. laga um matvæli. Mikilvægt er að umhverfissráðuneyti og landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneyti hafi samráð um setningu slíkra reglugerða m.a. vegna kröfu um menntun heilbrigðisfulltrúa. Í 15. gr. er einnig kveðið á um að það þurfi leyfi umhverfissráðherra til að starfa sem heilbrigðisfulltrúi. Skoða þarf hvort landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra á að veita sambærilegt leyfi vegna matvælaeftirlits.

Í 18. og 19. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir er að finna ákvæði um skyldur Umhverfisstofnunar til að vinna að samræmingu heilbrigðiseftirlits á landinu og hefur stofnunin m.a. heimildir til að gefa út leiðbeiningar og viðmiðunarreglur sem heilbrigðisnefndum ber að fylgja og skyldur til að gera fræðslufni og upplýsa og fræða þá er starfa að heilbrigðiseftirliti. Ekki er sambærilegt ákvæði í lögum um matvæli og telur stofnunin rétt að sett sé sambærilegt ákvæði í þau enda skiptir miklu að Matvælaeftirlitið hafi skýrar valdheimildir til að vinna að samræmingu heilbrigðiseftirlits á landinu öllu. Einnig má benda á heimildir Umhverfisstofnunar skv. 14. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir til að hafa fulltrúa á fundum heilbrigðisnefnda með tillögurrétt og málfrelsi.

Í 2. mgr. 25. gr. laga um matvæli er vísað til að eftirlitsgjöld heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga vegna matvælaeftirlits skuli vera samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Í 12. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir er að finna ákvæði um gjaldskrárheimildir heilbrigðisnefnda þar á meðal skyldu umhverfissráðherra til að gefa út leiðbeinandi reglur um uppbyggingu gjaldskráa sveitarfélaga. Að mati stofnunarinnar ætti að vera sambærilegt ákvæði um skyldu landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra til að gefa út leiðbeinandi reglur enda byggja reglur um eftirlit og útgáfu starfsleyfa hjá heilbrigðisnefndum vegna matvæla á lögum um matvæli.

Í f. lið 6. gr. frumvarpsins er kveðið á um að Matvælaeftirlitið annist innflutning annarra matvæla en getið er í a-e lið. Í e-lið er kveðið á um heimildir stofnunarinnar hvað varðar sjávarafurðir og er þar ekki kveðið á um heimildir hvað varðar innflutning sjávarafurða. Lagt er til að við e-lið bætist orðið, innflutningur, þannig að ljóst sé að Matvælaeftirlitið fari með eftirlit með innflutningi sjávarafurða.


Í 48. gr. frumvarpsins er kveðið á um heimildir til handa Matvælaeftirlitinu til að grípa til viðurlaga í samræmi við ákvæði greinarinnar. Um heimildir heilbrigðisnefnda sveitarfélaga gilda hins vegar áfram 30. gr. laga um matvæli þar sem segir að um valdsvið og þvingunarúrræði eftirlitsaðila gilda að öðru leyti ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Telur stofnunin það geta leitt til réttaróvissu að vísað sé til annarra laga um valdsvið og þvingunarúrræði eftirlitsaðila og að réttara sé að setja inn sambærileg þvingunarúrræði í lög um matvæli og er að finna í VI. kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Jafnframt telur Umhverfisstofnun að heiti nýrrar stofnunar sem sett er fram í frumvarpinu, Matvælaeftirlit, sé villandi þar sem heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna fer með stóran hluta af


matvælaeftirliti í landinu. Leggur stofnunin því til að heiti stofnunarinnar verði breytt í Matvælastofnun.

Umhverfisstofnun telur eins og áður sagði það mjög jákvætt út frá faglegum sjónarmiðum að eftirlit með öryggi matvæla sé á einni hendi en telur að vanda þurfi til verka til að tryggj sé að nýtt Matvælaeftirlit og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna hafi a.m.k þau stjórnæki sem til staðar eru í dag. Einnig telur stofnunin mikilvægt að vel sé staðið að tilfærslu starfsfólks til nýrrar stofnunar, haft verði náið samráð við það um þessa tilfærslu og að tryggt sé að áunnin réttur starfsfólks haldist.

Virðingarfyllst



Elly K. Guðmundsdóttir  
Forstjóri



Kristín Linda Árnadóttir  
Lögfræðingur

Afrit:  
Umhverfisnefnd Alþingis